

Mánudaginn 16. desembermánaðar.
Nr. 11/1901. Pétur M. Bjarnarson

gegn
Jóni Laxdal sem gjaldkera fyrir
sildarveiðafélagið »Ísfirðingur«.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði fyrir aukarétti Isafjarðarsýslu af verzlunarstjóra Jóni Laxdal sem gjaldkera og innheimtumanni fyrir sildarveiðafélagið »Ísfirðingur« gegn kaupmanni Pétri M. Bjarnarson til greiðslu á 396 kr., sem andvirði fyrir 22 tonn sildar, sem nefndur kaupmaður átti að hafa keypt hjá sildarveiðafélaginu í júlímánudi f. á., og var málinu ráðið til lykta með dómi aukaréttarins 20. nóvbr. f. á. á þá leið, að Pétur M. Bjarnarson var skyldaður til að greiða stefnanda í héraði Jóni Laxdal sem gjaldkera fyrir sildarveiðafélagið Ísfirðingur 396 kr. með 5% vöxtum frá stefnudegi 1. ágúst 1900 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir kaupmaður Pétur M. Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. febr. þ. á., og gert þær kröfur hér fyrir réttinum, að dóminum verði breytt þannig, að dregnar verði 264 kr. frá dómsskuldinni, en til vara, að hann, áfrýjandi, verði aðeins dæmdur til að greiða 7 kr. eða í hæsta lagi 8 kr. fyrir hverja tunnu sildar, að stefndi Jón Laxdal verði sektaður fyrir nokkur ummæli hans í sóknarskjölunum í héraði, og að hann verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum.

með nægilegri upphæð eftir mati réttarins. Stefndi Jón Laxdal gerir þá kröfu fyrir hönd sildarveidafélagsins, að aukaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð eftir mati réttarins.

Áfrýjandi hefir kannast við það fyrir yfirdómnum, sem hann og óbeinlínis virðist hafa gert fyrir aukaréttinum 4. okt. f. á., að hann hafi keypt hjá sildarveidafélaginu »Ísfirðingur« 22 tonnur sildar í júlímánuði f. á. og að honum beri að greiða félaginu verð fyrir þessa sild. Er því nú eigi neinn ágreiningur um þetta atriði. En málsaðila skilur á um verðið. Sildin var athent 11. og 12. júlí f. á., 11 tonnur, og 15. og 16. s. m. aðrar 11 tonnur. Hinar fyrri 11 tonnur voru reiknaðar áfrýjanda á 24 kr. pr. tunnu, alls 264 kr., og hinar síðari 11 tonnurnar á 12 kr. pr. tunnu, alls 132 kr., eða samtals 396 kr., sem er hin dæmda upphæð. Áfrýjandi vill aðallega eigi greiða nema 6 kr. fyrir tonnuna, og heimtar því, að 264 kr. séu dregnar frá dómsupphæðinni, en til vara hefir hann þó samþykkt að greiða 7 kr. eða í hæsta lagi 8 kr. fyrir hverja tunnu sildar. Ágreiningurinn í máli þessu er því nú aðeins um verð það, sem áfrýjandi átti að greiða fyrir sildina. Áfrýjandi segir að sér hafi verið lofað sildinni fyrir 6 kr. tonnau, og að reglulegur samningur um þetta verð hafi gerst milli sín og stefnda, eða formanns sildarveidanna, Guðmundar Hjaltasonar, eða sildarveidafélagsins »Ísfirðingur«. En stefndi hefir afdráttarlaust neitað því, að

slíkur samningur hafi verið gerður, svo að bindandi hafi verið fyrir félagið »Ísafirðing«. Og gegn þessari neitun hefir áfrýjandinn eigi sannað það, að síldinni hafi verið lofað fyrir ákveðið verð, in casu fyrir áminst verð. Að vísu hafa nokkrir vitnisburðir í málinu lýst atvikum, sem benda í þá átt, að áfrýjandi hafi átt að fá síldartunnuna fyrir 6 kr., svo framarlega hann tæki 50 tonnur hjá félaginu. En nú er það viðurkennt, að hann hafi eigi tekið hjá félaginu nema 22 tonnur, þótt honum stæði til boða meiri síld hjá því, og getur hann því eigi heimtað greint verð með skírskotun til þessara vitnisburða, sem og að öðru leyti eru eigi svo eindregnir eða ljósir, að þeir séu lögfull sönnun í málinu um síldarverðið gegn vefengingu stefnda. Það verður því að líta svo á, að eigi hafi verið samið um verð á síldinni, þegar áfrýjandi tók hana, og var það þá eftir almennum reglum á valdi stefnda að leggja verð á vöru sína, þá er hann seldi. Jafnframt skal þess getið, að hann virðist eigi hafa sett hærra verð á síld þessa, sem áfrýjandi fekk, en þá um það leyti, fyrir og eftir miðjan júlímánuð f. á., var á síld af sama tægi á Ísafirði, samkvæmt vottorðum, er fram hafa verið lögð í málinu og eigi virðast hafa verið vefengd að þessu leyti. Krafa áfrýjanda um lægra verð á síldinni en það, sem hinn áfrýjandi dómur hefir byggt á, verður samkvæmt þessu eigi tekin til greina.

Þar sem áfrýjandi hefir krafist þess, að stefndi verði sektaður fyrir nokkur tilgreind ummæli í

málssóknarskjölunum í héraði, þá eru þessi ummæli eigi svo vaxin, að þau misbjóði virðingu réttarins, og er því eigi tilefni til að taka þessa kröfu til greina.

Með því að yfirrétturinn einnig felst á málskostnaðarákvæði undirréttardómsins ber samkvæmt hinu framanritaða að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1901.

Landlæknir dr. J. Jónassen
 gegn
 ritstjóra Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, landlæknir J. Jónassen, höfðaði mál þetta í héraði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda ritstjóra Birni Jónssyni út af nokkrum ummælum í grein einni í blaðinu Ísafold, XXVII. árg. 62. tölubl., er kom út 6. okt. f. á., með fyrirsögninni »Skarlatssótt«, og taldi áfrýjandi ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig, og að stefndi ritstjóri blaðsins bæri ábyrgð á